



Reykjavík, 13. maí 2024

MSS23090113

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Íbúaráð Laugardals

Umsögn íbúaráðs Laugardals um tillögu íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um lækkun hámarkshraða á suðurlandsbraut

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 20. mars 2024, var tillögu íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis vísað til umsagnar íbúaráðs Laugardals, sbr. 12. lið fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs sd.

Óskað var umsagnar með bréfi umhverfis- og skipulagssviðs dags. 20. mars 2024

Umsögn:

Íbúaráð Laugardals tekur undir tillögu íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis, að breyta þurfi tafarlaust hámarkshraða við Suðurlandsbraut úr 60 km/klst niður í 40 km/klst, í samræmi við hámarkshraða áætlun Reykjavíkur sem er verið að innleiða. Þessi tillaga kemur í kjölfari þess að tveir bílar veltu upp á göngu- og hjólastíg sem liggur við Suðurlandsbraut.

Ef þessi lækkun hámarkshraða er talin hafa áhrif á akstur neyðarbíla þá hvetjum við eindregið til þess að klára útfærslu forgangsakreinar Borgarlínu á Suðurlandsbraut. Lækkun hámarkshraða þarf að framkvæma án þess að það dragi úr öryggi eða aðgengi neyðarbíla.



Reykjavík